

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1930.

Opið bréf um að hans konungleg hátign Haraldur, Íslands prinz og og Danmerkur, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 1. febrúar (nr. 1).

Lög um lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af Harald prinz 27. febrúar 1930 (nr. 2).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 28. febrúar 1930 (nr. 3).

Lög um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis (Landskjör 1930), undirskrifuð af konungi 6. marz 1930 (nr. 4).

Opið bréf um kosning landskjörinna alþingismanna, undirskrifað af konungi 10. marz 1930 (nr. 5).

Lög um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, undirskrifuð af konungi 11. marz 1930 (nr. 6).

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um flutning þingstaðar.

1
31. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, dags. 5. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Kjalarneshreppi í Kjósarsýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður téðs hrepps verði fluttur frá Lykkju að Klébergi í heimavistarskóla hreppsins, enda annist hreppsnefndin um að jafnan sé til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.